



## Jólaævintýri

Jólaævintýri er ætlað leikskólabörnum og samanstendur af skemmtilegri sögustund í í Lundinum Gufunesbæ og leit að jólasveinunum þrettán. Þetta er fullkomin blanda af notalegri sögustund þar sem lagt er við hlustir og góðri hreyfingu og útivist.



## Tenging við námskrár og viðmið og vísbendingar

Leikskóli

- ✓ Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á fjölbreytta hreyfingu og ögrandi og krefjandi útivist. Einnig eiga börn að geta notið þess að hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri.

## Tilgangur og markmið

- ✓ Að börnin njóti jólastemningar í góðri samveru undir berum himni
- ✓ Að börnin fái góða hreyfingu í náttúrulegu umhverfi
- ✓ Að börnin kynnist sögum um jólasveinana þrettán.

## Dagskrárlýsing

Tekið er á móti hópnum með notalegri jólasögustund í upphituðu tjaldi. Að sögustund lokinni fá börnin að hlaupa um svæðið og hjálpa Grýlu að leita að jólasveinunum þrettán sem eiga að mæta heim í hellinn hið snarasta og undirbúa skógjafir handa börnunum.

Kennarar fá kort af svæðinu þar sem staðirnir hafa verið merktir. Krakkarnir finna út hvaða jólasveinn á í hlut. Vísbendingar eru í formi myndar og ljóðabúts frá jólasveinavísingum Jóhannesar úr Kötlum sem kennarinn les fyrir krakkana.

Samveran endar með hressingu í Lundinum áður en haldið er heim.

## Efni og áhöld

Plöstuð kort af svæðinu með merktum stöðunum sem jólasveinana er að finna. Spjald með mynd af jólasveini og vísnaút með eyðum.